




Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólsgrötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	21.3.2013
Málsnr:	1303429
Bréfali:	032.1

Reykjavík 18. mars 2013
Tilv.: IRR13010288/21.0

Heildaryfirlit yfir framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2012

Á hjálögðu yfirliti er greint frá heildarniðurstöðu hvað varðar úthlutun og greiðslur einstakra framlaga úr Jöfnunarsjóði til sveitarfélagsins á árinu 2012. Jafnframt sendast til frekari skýringa yfirlit yfir uppgjör framlaga vegna jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts og útreikning tekju- og útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins.

Endanleg framlög til sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði á árinu 2012 voru birt á vefsíðu sjóðsins *jofnunarsjodur.is* eftir því sem þau lágu fyrir. Á vefnum eru framlögin birt í heildaryfirliti en jafnframt í sérstökum skjölum fyrir hvert framlag.

Framlög á árinu 2013

Í kjölfar ákvæða í nýjum sveitarstjórnarlögum, nr. 138/2011, um framlagningu fjárhagsáætlana sveitarfélaga fyrir 1. nóvember ár hvert fyrir næsta ár á eftir var allt kapp lagt á að ganga frá og birta fyrstu áætlanir um úthlutanir framlaga úr Jöfnunarsjóði vegna ársins 2013 fyrir lok október. Áætlanir um úthlutanir framlaga tóku mið af upplýsingum um álagningarstofn útsvars og íbúafjölda sem þá lágu fyrir.

Með tilvísun til þessa hefur nú farið fram endurskoðun á áætlunum um úthlutanir einstakra framlaga á árinu 2013 sem hér segir: (Sjá niðurstöður á vefsíðu sjóðsins fyrir hvert sveitarfélag eftir tegundum framlaga.

Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga

Viðkomandi sveitarfélögum mun berast sérstakt bréf þar að lútandi.

Framlög til jöfnunar á tekjutapi einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti

Endurskoðuð áætlun um heildarúthlutun framlaganna nemur 3.134 m.kr. og tekur mið af ráðstöfunarfjármagni sjóðsins á grundvelli fjárlaga 2013. Jöfnunarsjóður greiðir sveitarfélögum framlög fyrirfram mánuðina febrúar til júní sem nema 60% af áætluðum framlögum ársins eða um 1.880 m.kr. Uppgjör framlaganna fer fram mánuðina júlí, ágúst og september. Verði um breytingu að ræða eftir þann tíma á ráðstöfunarfjármagni sjóðsins til greiðslu framlaganna verður framlagið tekið til endurskoðunar.

Framlög vegna greiðslu sveitarfélaga á húsaleigubótum

Þann 1. janúar sl. tók gildi reglugerð nr. 1205/2012 um breytingu á reglugerð velferðarráðuneytisins um húsaleigubætur, nr. 118/2003 með síðari breytingum. Með breytingunni á reglugerðinni, sem einkum nær til tekjuskerðingarmarkna, tekjuskerðingarhlutfalls og grunnfjárhæðar almennra húsaleigubóta eru stigin fyrstu skref í átt

að nýju húsnæðisbótakerfi sem innleitt verður í áföngum.

Með tilvísun til framangreindrar breytingar á reglugerð velferðarráðuneytisins og hækkunar á ráðstöfunarfjármagni Jöfnunarsjóðs henni samfara um 1.000 m.kr. var aflað nýrra upplýsinga frá sveitarfélögunum um áætlaðar greiðslur þeirra á almennum og sérstökum húsaleigubótum á árinu 2013.

Endurskoðuð áætlun sveitarfélaga um heildargreiðslur almennra húsaleigubóta á árinu 2013 nemur um 4.385 m.kr. Að teknu tilliti til áætlunar um ráðstöfunarfjármagn sjóðsins að fjárhæð 2.836 m.kr. leggur ráðgjafarnefndin til að endurskoðað greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs vegna almennra húsaleigubóta nemi 64% á árinu. Áætlað er að heildargreiðslur Jöfnunarsjóðs á framlögum vegna almennra húsaleigubóta nemi 2.806 m.kr. á árinu. Framlögin greiðast ársfjórðungslega á grundvelli umsókna. Kannaður verður möguleiki á mánaðarlegum greiðslum framlaganna þó þannig að innborgun fari fram tvo fyrstu mánuði hvers ársfjórðungs. Uppgjör fyrir ársfjórðunginn fari síðan fram á grundvelli umsókna sveitarfélaga.

Endurskoðuð áætlun sveitarfélaga um heildargreiðslur sérstakra húsaleigubóta á árinu 2013 nemur rúmlega 1.197 m.kr. Um 60% kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs er að ræða í greiðslum bóta. Áætlað er að heildargreiðslur Jöfnunarsjóðs á framlögum vegna sérstakra húsaleigubóta nemi um 718 m.kr. á árinu. Greiðslur framlaga vegna sérstakra húsaleigubóta munu fara fram ársfjórðungslega.

Útgjaldajöfnunarframlög

Endurskoðuð áætlun um heildarúthlutun útgjaldajöfnunarframlaga á árinu nemur 5.350 m.kr. Um 250 m.kr. hækkun er að ræða á heildarúthlutun framlaganna frá fyrri áætlun. Við endurskoðunina var tekið mið af leiðréttum hámarkstekjum á íbúa í hverju sveitarfélagi og íbúafjölda í sveitarfélögum 1. janúar 2013. Jafnframt var við endurskoðunina tekið mið af breyttri skilgreiningu Hagstofu Íslands á byggðakjörnum.

Til úthlutunar nú hafa komið framlög samtals að fjárhæð 5.175 m.kr. Þar af nema framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli 575 m.kr. Í desember koma til úthlutunar og greiðslu viðbótarframlög að fjárhæð allt að 175 m.kr. vegna íþyngjandi kostnaðar sveitarfélaga af skólaakstri úr dreifbýli á árinu 2013 umfram tekjur. Uppgjör framlaganna fer fram í desember.

Almenn jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla

Farið hefur fram endurskoðun á áætlaðri úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla fyrir árið 2013. Við endurskoðunina var tekið mið af endanlegum útsvarstofni sveitarfélaga vegna tekna ársins 2011 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2012. Jafnframt var áætlunin uppfærð hvað varðar fjölda íbúa á grunnskólaaldri í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2013.

Áætluð heildarúthlutun framlaganna á árinu nemur 5.442 m.kr. Þar af eru leiðréttingar á framlögum ársins 2011 að fjárhæð 60 m.kr. Um sömu heildarfjárhæð framlaganna er að ræða og áður. Með tilvísun til þeirra þátta sem lagðir voru til grundvallar við endurskoðunina hafa innbyrðis skiptihlutföll á milli sveitarfélaga breyst. Endanlegt uppgjör framlaganna fer fram á árinu 2015 þegar endanlegur álagningarstofn útsvars vegna ársins 2013 liggur fyrir.

Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda

Sveitarfélögum barst sérstakt bréf frá Jöfnunarsjóði, dags. 16. nóvember 2012, þar sem gerð var ítarleg grein fyrir forsendum að áætlun um úthlutun framlaganna á árinu 2013. Gefinn var frestur til 1. febrúar sl. til að senda inn ný gögn ásamt beiðni um leiðréttingu á áætlun um úthlutun framlaganna. Með bréfi, dags. 14. mars 2013, var viðkomandi sveitarfélögum gerð grein fyrir niðurstöðu hvað endurskoðaða áætlun um úthlutun framlaganna á árinu 2013 varðar. Hafi komið til leiðréttingar á áætlaðri úthlutun framlaganna verður tekið tillit til þeirrar leiðréttingar við greiðslu framlaga í lok mars og leiðrétting þá jafnframt gerð fyrir mánuðina janúar og febrúar. Áætluð heildargreiðsla framlaganna á árinu 2013 nemur 1.866,5 m.kr.

Framlag vegna nýbúafræðslu

Sveitarfélögum barst sérstakt bréf frá Jöfnunarsjóði, dags. 31 október 2012, þar sem gerð var grein fyrir forsendum að áætlun um úthlutun framlaganna á árinu 2013. Gefinn var frestur til 1. febrúar sl. til að senda inn beiðni um leiðréttingu á áætlun um úthlutun framlaganna. Með bréfi, dags. 13. mars 2013, var viðkomandi sveitarfélögum gerð grein fyrir niðurstöðu hvað úthlutun framlaganna á árinu 2013 varðar. Hafi komið til leiðréttingar framlaga verður tekið tillit til þeirra við greiðslu framlaga í lok mars og leiðrétting þá jafnframt gerð fyrir mánuðina janúar og febrúar. Heildargreiðsla framlaganna á árinu 2013 nemur 169,4 m.kr.

Framlög til eflingar tónlistarfræðslu

Á grundvelli 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 23/2013 hefur farið fram endurskoðun á áætlun um úthlutun framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda vegna skólaársins 2012 - 2013. Endurskoðunin fór fram á grundvelli endurtekinnar upplýsingaöflunar hjá sveitarfélögum um heildarfjölda kennslueininga viðurkenndra tónlistarskóla í sveitarfélagi vegna náms á miðstigi í söng og mið- og framhaldsstigi í hljóðfærleik. Við greiðslu framlaga í janúar sl. fór jafnframt fram leiðrétting á greiðslum framlaganna vegna september - desember.

Á grundvelli 7. gr. reglugerðarinnar er jafnframt heimilt, eftir því sem fjárveitingar leyfa, að veita sveitarfélögum framlög vegna kennslukostnaðar nemenda á grunnstigi í söng og á grunneða miðstigi í hljóðfærleik þurfi nemendur af gildum ástæðum að sækja tónlistarskóla utan síns sveitarfélags vegna framhaldsnáms enda sé tónlistarnámið metið til eininga í framhaldsskólanum. Framlög vegna mánaðanna september til janúar komu til greiðslu í lok janúar.

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 13. maí 2011 um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnámsins veitir ríkissjóður árlega framlag að fjárhæð 520 m.kr. vegna kennslukostnaðar í tónlistarskólum. Samkomulagið gildir til 31. ágúst nk. Vonir standa til að endurskoðun samkomulagsins muni ljúka í maí áður en farið verður að óska eftir umsóknum frá sveitarfélögum vegna skólaársins 2013 - 2014.

Tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga

Í tengslum við framangreint samkomulag ríkis og sveitarfélaga um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda til tónlistarnámsins skuldbinda sveitarfélögin sig á móti til að taka tímabundið yfir ný verkefni á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga frá 5. október 2011. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga hefur verið falið að innheimta hlutdeild hvers sveitarfélags í þessum nýju verkefnum á grundvelli íbúafjölda með því að draga kostnað hvers sveitarfélags frá greiðslum á framlögum sjóðsins.

Meðfylgjandi er bréf til sveitarfélagsins, dags. 8. mars 2013, þar sem gerð er grein fyrir framangreindum aftektum á árinu 2013 sem munu hefjast nú í lok mars.

Framlög vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra

Endanleg framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra á árinu 2012 voru jafnframt birt á vefsíðu sjóðsins eftir áramótin. Sveitarfélögum/þjónustuvæðum mun berast bréf á næstunni þar sem gerð verður betri grein fyrir þeim framlögum og stöðu mála hvað áætlanagerð framlaga á árinu 2013 varðar.

Starfsmönnum sveitarfélaga er bent á að gerast áskrifendur að fréttum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga inn á vefsíðu sjóðsins undir *Styttu þér leið*. Með því móti berast strax upplýsingar um úthlutanir framlaga og uppgjör.

Fyrir hönd ráðherra

Elín Pálsdóttir

Elín Gunnarsdóttir